



SAFNASAFNIÐ

601 Akureyri, Svalbarðsströnd

56089-52089 / safngeymsla@simnet.is / www.safnasafnid.is / www.folkart.is / 4614066 / stofnár 1995

ÁRSSKÝRSLA 2017

Inngangur

01

Starfsstefna safnsins er í mótun og verður kynnt á nýrri vefsíðu í mars. Í henni eru atriði sem vert er að taka saman í lið undir nafninu Samfélagsleg ábyrgð og hnykkja þannig á stöðu safnsins hvað hana varðar, en benda má á að í fullu gildi er jafnréttisstefna sem unnið hefur verið eftir frá því safnið var stofnað. Safnasafnið hefur smátt og smátt útvíkkað starfsemi sína eins og sést í textanum hér á eftir. Þetta hefur verið gert án þess að aukið fé kæmi inn í reksturinn og til verkefna, með auknu álagi á stofnendur og aðra stjórnarmenn, en haldið verður áfram á sömu braut undir merkjum faglegra vinnubragða, í takti við alþjóðlegar gæðakröfur

02

Stjórn safnsins vann sem fyrr eftir markmiðum skipulagsskrár, hún lagði mikla áherslu á kynningarmál, m.a. á Facebook og með útgáfu sýningarskrár og sérprenta. Safneignin var skoðuð með gagnrýnum augum og kynnt á sýningum. Leitað var eftir verkum lærðra myndlistarmanna með frumlegum þælingum og þau borin saman við alþýðulistarverk. Á hverju ári koma fram 1-2 nýjungar og settar hafa verið upp nýstárlegar sýningar sem hafa vakið eftirtekt og smitað rækilega frá sér, samanber áhrif á sýninguna *Sjónarhorn* í Safnahúsinu í Reykjavík

Stjórn

Stofnendur: Níels Hafstein og Magnhildur Sigurðardóttir, Þinghúsinu á Svalbarðsströnd; tilnefndar af þeim samkvæmt ákvæðum skipulagsskrár: Harpa Björnsdóttir og Margrét M. Norðdahl, Reykjavík; og tilnefndur af Sambandi Íslenskra Myndlistarmanna, SÍM: Unnar Örn J. Auðarson, Reykjavík. Stjórn safnsins skiptir með sér verkum, stofnendur sjá um daglegan rekstur og meðstjórnendur taka að sér mikilvæg verkefni eftir þörfum

Fjármál

01

Tekjur safnsins hafa frá stofnun verið lágar, langt undir viðmiðunarmörkum annarra viðurkenndra safna sem eru rekin með framlögum af skattfé almennings, en með nákvæmri fjármálastjórn er afgangur í lok hvers árs til að mæta kostnaði fyrstu mánuði þess næsta. Ljóst er að tekjur þurfa að aukast mikið svo hægt sé að sinna öllum þeim brýnu verkefnum sem bíða. Aðaltekjur til rekstrar eru af inngangseyri og leigu íbúðar, framlög frá safnasjóði og Svalbarðsstrandarhreppi, einnig smávegis af sölu sýnisbóka safneignar

Stofnendur aðrir stjórnarmenn og sjálfbodaðliðar lögðu til launalausá vinnu sem samsvarar ríflega 2 ársverkum

02

Samkvæmt skipulagsskrá hefur safnið heimildir til þess að innheimta gjöld fyrir ýmis konar þjónustu, en það var ekki talið borga vegna þess hve upphæðirnar yrðu lágar, sem síðar leiddu til aukinnar bókhaldsvinnu

03

Ákveðið var að taka lágu tilboði fyrirtækis í Reykjavík sem leigir bílaleigum landsins app til að leiðbeina ferða-fólki á áhugaverða staði og er reiknað með því að það skili góðum árangri. Þá var samið við annað fyrirtæki um 20% afslátt fyrir ferðamenn gegn framvísun skilríkja. Hvort tveggja kemst í

framkvæmd með vorinu 2018. Fjár til sérverkefna er aflað með umsóknum í sjóði. Nánari upplýsingar í Ársreikningi 2016, sem birtur verður á nýrri vefsíðu safnsins 2018, ásamt Ársskýrslu 2017

04

Sýnendur fá greitt eftir því sem hægt er af lágum tekjum safnsins, til dæmis verkefnastyrkjum. Greitt er fyrir útlagðan eldneystiskostnað eða fargjöld með flugvél og strætó, einnig fyrir flutning fram og til baka. Listaverkin eru tryggð samkvæmt verðmati. Sýnendur gista í gestaíbúð og herbergjum í íbúð stofnenda og njóta veitinga á borði þeirra. Gefin er út sýningarskrá þar sem verk sýnenda eru kynnt, skrifaðir eru ítarlegir textar um þá sem gestir geta tekið með sér, og þá eru daglegar leiðsagnir sem varpa skýrara ljósi á sýningarnar og hvernig þær falla að hugmyndafræði safnsins. Listaverk eru keypt ef fjárhagur leyfir og þau falla að söfnunarstefnu safnsins

Starfsmannahald

01

Enginn fastráðinn starfsmaður hefur verið við Safnasafnið frá stofnun 17. febrúar 1995, og engin laun verið greidd nema í verktöku. Þar inni eru taldir fastir árlegir rekstrarliðir og ýmis konar efurlit, og laun fyrir vinnu við sérverkefni. Þessi staða er með ólíkindum og þekkist hvergi í listasöfnum í Evrópu og Bandaríkjunum sem Íslendingar bera sig gjarnan saman við, sér til upphéðar. Unnið er að sömu verkefnum í flestum listasöfnum en þau erlendu eru yfirleitt með 18-23 starfsmenn. Verkefnin í Safnasafninu eru þó fleiri en í borgarsöfnum vegna staðsetningar úti á landi og er þá einkum átt við

Viðhald og ræktun

02

Settar hafa verið saman 10 starfslýsingar sem er lágmark fyrir menningarstofnun af þeirri stærðargráðu sem Safnasafnið er, hvort sem litið er til bygginga, verkefna eða stórrar listaverkageignar, og þarf að vinna bráðan bug á því að það fái bæði stóraukið húsnæði til umráða og fastráðið starfsfólk. Það er í góðu samræmi við það menningarlega hlutverk sem safnið tók að sér að sinna og hefur gert með glæsibrag í 23 ár

Ábyrgðarsafn

01

Undirbúningur hefur farið fram svo hægt verði að semja um það við Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Listasafn Íslands að Safnasafnið taki að sér fagsvið ábyrgðarsafns um íslenska alþýðulist á landsvísu sem gæfi aukið svigrúm til öflunar starfseminnar. Fyrir liggur bréf frá ráðuneytinu, dagsett 9. september 2014, þar sem það er hvatt til að ræða þessa hugmynd við Listasafn Íslands. Það var gert strax, Halldór Björn Runólfsson þáverandi safnstjóri LÍ flaug norður í boði Safnasafnsins og fullyrti að það væri ekki eftir neinu að bíða. Viðbragð safnaráðs var að skipa starfshóp til þess að forma tillögur um það hvernig staðið skyldi að málum varðandi ábyrgðarsöfn og sendi þær til ráðuneytisins

02

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur nú samþykkt tillögur safnaráðs og um leið beint þeim tilmælum til ráðsins að hefja vinnu við undirbúning verkefnisins í samstarfi við höfuðsöfnin þrjú Þegar Harpa Þórdóttir safnstjóri tók til starfa í LÍ var málið tekið upp að nýju og minnt á mikilvægi þess að Safnasafnið fái sem fyrst hlutverk starfssviðs um ábyrgðarsafn um íslenska alþýðulist á landsvísu. Í svari HÞ safnstjóra kom fram að hún myndi fljótlega ræða við Eirík Þorláksson sérfræðing á skrifstofu menningarmála ráðuneytisins um framgang málsins. Í ljósi erfiðra aðstæðna Safnasafnsins er nauðsynlegt að hraða ferlinu og semja helst fyrir áramótin 2018-2019 svo safnið fái árlegt framlag á fjárlögum Alþingis frá og með síðara árinu

03

Safnasafnið stendur hugmyndafræðilega mitt á milli Listasafns Íslands og Þjóðminjasafns Íslands og sinnir mikilvægum verkefnum sem þessi söfn hafa ekki á dagskrá. Með stöðu ábyrgðarsafns skapast grundvöllur til að mynda öflugt og hugmyndafræðilegt samstarf þar sem kostir safneignar, þekking og mikilvæg reynsla fer saman

Húsnæðismál

Safnasafnið á 2 hús, brúttóflatarmál þeirra er samtals 618,7 m², þar af er listaverkageymslan 33m². Til þess að koma til móts við auknar kröfur um pláss var helmingur veitingarýmisins stúkaður af, að hluta

til nýttur til móttöku verka, skráningar og rannsókna. Jarðeigandi á Svalbarðsströnd, sem ræður yfir miklum húsakosti, er með til skoðunar að leigja Safnasafninu um 30m² svæði undir sýningargögn og stóra óreglulega skúlptúra sem rúmast ekki í listaverkageymslu. Safnið þarf samt að fá nýja geymslu í viðbyggingu sem allra fyrst, að minnsta kosti 160-200m², og þar að auki móttöku-, skoðunar- og forvörslusvæði. Skrifstofa safnsins hefur frá upphafi verið í dagstofu stofnenda, en vegna síaukinna umsvifa og fjölbreytilegri verkefna þarf nauðsynlega að finna henni annan stað. Þetta kallar á um 400m² byggingu á einni hæð, sem auðvelt er að koma fyrir á lóðinni fyrir sunnan Þinghúsið. Hægt er að draga mjög úr byggingarkostnaði með aðferðum sem nú ryðja sér til rúms

Safneign

Í Safnasafninu eru nú um 6.400 verk í grunndeild og 20.000 verk í Kiko korriró-stofu Þórðar Valdimarssonar

Aðföng 2017

01

215 listaverk/heimildir um gjörninga

- 001 Kees Visser, Harlem í Hollandi, gaf vatnslitamynd eftir sjálfan sig
047 Anna María Richardsdóttir, Akureyri, gaf verk/heimildir eftir 36 innlenda og erlenda listamenn
002 Anna María Richardsdóttir gaf 2 kjóla sem hún notaði í 2 gjörningum heima og erlendis, m.a. í Póllandi
001 Hrafnhildur Schram listfræðingur gaf stórt verk eftir Guðjón R. Sigurðsson [1903-1991] á Fagurhólsmýri
001 Kolbeinn Magnússon [Pálssonar] gaf lítið bókverk með 16 blýantsteikningum eftir sjálfan sig
003 Magnhildur Sigurðardóttir gaf 3 tálgaða málaða fugla eftir Ágúst Jóhannsson, Hvammstanga
001 Magnhildur Sigurðardóttir gaf ámálaða flösku eftir sjálfa sig
001 Pétur Thomsen og Karen Ósk gáfu teikningu eftir Kristján Ellert Arason, Sólheimum
001 Kristín Guðrún Jósefsdóttir á Ásbjarnarstöðum á Vatnsnesi gaf fugl sem hún tálgaði
001 Rúna Þorkelsdóttir, Amsterdam, gaf eigið bókverk [gefið út í litlu upplagi]
015 Jón Ólafsson, Hólmavík, keyptir 13 tálgödir og málaðir fuglar af honum, MS gaf 2 fugla eftir hann
002 Rúrí, Reykjavík, gaf skúlptúra eftir sig, blandað efni
048 Jóhanna Jóhannsdóttir, Þórður Sverrisson og systkini hans gáfu vefstycki og útsaum eftir hana
001 Steingrímur Eyfjörð gaf innsetningu eftir sig, búna til fyrir Biennalinn í Feneyjum 2013 [3 einingar]
001 Fredie Beckmans, Hollandi, keypt lítið fjölfeldi, fuglahús með íslenskum fuglanöfnum [Boekie Woekie]
002 Anna Eyjólfisdóttir gaf 2 leirskúlptúra frá Portúgal
002 Ragnhildur Stefánsdóttir gaf 2 leirverk eftir móður sína, Láru Kristínu Samúelsdóttur [1935-2014]
068 Sólheimar gáfu pappabyggingar eftir Gunnar Sigfús Kárason [1931-1996]
001 Birta Guðjónsdóttir, Reykjavík, gaf eigið veggverk, gert úr sápu
008 Finnur Ingi Erlendsson, Akureyri, gaf 8 tússmyndir í A3 stærð
001 Hólmsteinn Eiður Hólmsteinson og Una Margrét Jónsdóttir gáfu blómamálaðan kistil, gerðan 1944 af Jóni Arasyni Jónssyni [1914-2004], Grýtu í Eyjafjarðarsveit. Nafnið Júlía stendur á lokinu og er þar átt við Júlíu Jónsdóttur, 1929-2008, frá Bitru í Eyjafjarðarsveit
001 Aðalheiður S. Eysteinsdóttir, Siglufirði, gaf útsaumað veggteppi frá 1950 [hékk á vegg í Sparisjóðnum]
001 Guðmundur Andri og Örnólfur gáfu dúk sem Margrét Indriðadóttir [1923-2016], móðir þeirra, saumaði í nöfn gesta þeirra Thors Vilhjálmssonar [1925-2011] skálds og myndlistarmanns
001 Harpa Björnsdóttir gaf bókverk eftir Kees Visser frá 1983 [proof]
001 Harpa Björnsdóttir gaf eintak af sérprentuðu ljóði eftir Einar Braga [1921-2005], hannað af Dieter Roth [1930-1998], lítið upplag, fá eintök í umferð
001 Jenný Karlsdóttir, Akureyri og Oddný Magnúsdóttir á Húsavík gáfu útsaumaða og vatnslitaða mynd af Álftaneskirkju á Mýrum í Borgafirði, ók.höf. [rímar við önnur slík verk af Suðurlandi frá fyrri hluta 20. aldar]
001 Þorvaldur Jónsson, Reykjavík, keypt af honum stórt málverk, þó ekki af sýningu hans í safninu 2017

001 Matthías Rúnar Jónsson, Reykjavík, keyptur tilhöggvinn grjótskúlpútur af sýningu hans í safninu sama ár

02

Við þetta má bæta að Guðmundur Andri og Örnólfur ákváðu að færa Safnasafninu til varðveislu stóran hluta myndverka Thors Vilhjálmssonar á næsta ári. Harpa Björnsdóttir var fengin til þess að flokka bunnana og áætla hún að safnið muni taka við um 3.000 verkum. Gjöfin verður færð inn í Aðföng 2018

03

195 gripir í Brúðustofu og Verslun Ásgeirs G. Gunnlaugssonar & Co

016 Guðbjörg Ringsted, Akureyri, gaf 11 útsaumshefti; veggteppi; lítinn bursta, 2 sníðajárn, smellutöng, málband, 2 nálabréf, að auki ótalinn fjöldi af tvinnakefum, garni, sláturgarn með nálum og nálaþræðara ofl.

004 Unnar Örn gaf 2 útsaumshefti

001 Anna Kristín Kristjánsdóttir, Reykjavík, gaf brúðu, ca. 60 ára gamla

008 Hildur Sigurðardóttir, Grindavík, gaf textílverk frá Sólveigu Erlendsdóttur [?]

097 Elinbjört Jónsdóttir í Gallerí Fold og systkini hennar gáfu 90 brúður og fylgihluti, öll eintökin eru skráð

069 Þórður Sverrisson og systkini gáfu handavinnu eftir Rögnu Jóhannsdóttur móðursystur þeirra

04

28 bækur

Safnið keypti eftirtaldar bækur:

01 The Electric Pencil, um verk James Edward Deeds Jr., Prinzhorn Architectural Press 2016

01 Sami Folk Art, Asgeir Jörn og fleiri höfundar, Verlag Der Buchhandlung Walther König, Köln 2001

Stofnendur gáfu eftirtaldar bækur:

01 Litbrigði húsanna, Guðjón Friðriksson, Mál & Menning 2017

01 Leitir að klaustrunum, Steinunn Kristjánsdóttir, í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands 2017

01 Moderne Architecture A-Z, ritstjórar Aurilia & Baltazar Taschen, Taschen 2016

01 Tree Houses, Philip Jodidio, Taschen 2017

01 888 Hints for the home, FKG 2011

01 Urban Jungle, living and styling with plants, Igor Josifovic og Judith de Graff, Gallway 2016

01 Art, the Definitive Visual Guide, Andrew Graham-Dixon, DK og Bridgeman Art Culture History 2008

01 Embroidery, a maker's guide, Thames & Hudson 2017

01 Scottish Diaspora Tapestry, Telling Taales to Scotland, Prestoungrange University Press 2014

01 Birta Guðjónsdóttir gaf Kvenhetju, fylgirit sýningar á verkum Steingrims Eyfjörðs, Hafnarborg 2017

01 Dóra Guðrún Ólafsdóttir, Fortíðarspor, Kennslubók í útsaumi, byggð á handverki úr Örafum, eg. útgáfa

01 R. Broby-Johansen, Heimslist-Heimalist, Björn Th. Björnsson þýddi, Mál & Menning 1977

Aðrir gefendur:

01 Kees Visser gaf bók um verk sín, Ups and Downs, Crymogeia 2013

01 Collection de l'art brut, Lausanne, Sviss, gaf Henriette Zéphir, eigin útgáfa 2017

01 Collection de l'art brut, Lausanne, Sviss, gaf Body, eigin útgáfa 2017

02 Þór Vigfússon, Djúpavogi, gaf Rúllandi Snjóbolti 7+9, Kínversk-Evrópska menningarmiðstöðin 2015-17

01 Nýlistasafnið gaf Árn Tiltis, Ólafur Lárusson, Nýlistasafnið 2017

01 Nýlistasafnið gaf Words don't come easy, White Dwarf Alphabet o.fl. 2011

01 Safnahúsið á Sauðárkróki gaf Umhverfingu, sýningarbók, Tara útgáfa 2017

01 Helgi Hjaltalín Eyjólfsson gaf bók um eigin verk Horfur/prospects, Listasafn Reykjanesbæjar 2017

01 Ragnhildur Stefánsdóttir gaf Útisýningarnar á Skólavörðuholti 1967-1972, Minningarsjóður um Ragnar Kjartansson 2017

01 Ásta Ólafsdóttir gaf bók um verk sín, Leikið á tímann, eigin útgáfa 2017

01 Sigurjón Baldur Hafsteinsson gaf Byggðasöfn á Íslandi, Rannsóknarsetur í safnafræðum við Háskóla Íslands 2015

01 Rúi gaf bók um eigin verk Fragile Systems, Nordatlantens Brygge 2017

01 Harpa Björnsdóttir gaf bók um Arnar Herbertsson, Dimma 2017 [kostnaðarmaður Knútur Bruun]

Annað:

Safnið hefur ekki ráð á því að kaupa nema eitt tímarit, en fékk gefins nokkur, líka sýningarskrár og bæklinga

Skráning í Sarp

01

Safnasjóður veitti styrk til ljósmyndatöku fyrir Sarp. Keyptir voru 2 kastarar á þrífótum og bakgrunnsrúlla, en áður hafði safnið tekið af rekstrarfé til þess að kaupa fartölvu, prentara og lithylki [sem þarf að millifæra aftur]

Harpa Björnsdóttir færði upplýsingar um öll ljósmynduð, mæld og forskráð verk inn á frumskráningarskjöl og mun hún síðan, ásamt Unnari Erni J. Auðarsyni, ljósmynda, mæla og forskrá skv. plani í byrjun ársins 2018. Becky Forsythe, umsjónarmaður safneignar Nýlissafnsins í 60% starfi, var ráðin til að skrá verk inn í Sarp og mun hún hefjast handa í byrjun janúar. Becky mun síðan leiðbeina stjórnarfólkinu syðra um notkun vefjarins

02

Verkum úr búi Þórðar Guðmundar Valdimarssonar, Kíkó korriró, um 120.000 talsins, verður ekki sinnt að ráði fyrr en hægt verður að fastráða safnvörð til skráningarinnar en gerð verður úttekt og hönnuð sýning 2020

Rannsóknir

01

Niels Hafstein aflaði upplýsinga fyrir útgáfu Sýnisbókar safneignar III, um myndlistarmenn sem hafa orðið fyrir erfiðum geðbreytingum en þó náð að búa til eftirtekta verð listaverk. Þá skráði hann niður alla slíka listamenn sem safnið á verk eftir, greindi og dró fram ýmis sérkenni, og skrifaði jafnframt langa ritgerð með ítarlegum greiningum sem birt verður sem formáli í bókinni. Í athugun er að fá geðlækni til að skrifa stutta grein í hana, fá álit ýmissa sérfræðinga, svo sem í fötlunarfræðum, og óska eftir því við Colletion de l'art brut, Lausanne í Sviss, að það veiti aðgang að ljósmyndum af verkum sínum í alþjóðlega tímalínu. Aftast í bókinni verður Hringferill myndlistar, 16 þátta greiningarkerfi Myndlistarsjóður Íslands veitti styrk til undirbúningsvinnu og rannsóknarstarfa vegna bókarinnar

02

Harpa Björnsdóttir rannsakaði stutt tímabil í íslenskri listasögu um útsaumað og vatnslitað landslag, en það er að mestu bundið við suðurland. Hún fékk að skoða geymslu Byggðasafnsins í Skógum og ræddi við starfsfólk í Þjóðminjasafninu og Heimilisíðnaðarsafninu á Blönduósi sem eiga slík verk. Þá aflaði hún sér upplýsinga eftir ábendingum hjá einstaklingum víða um land. Rannsóknin verður kynnt sem sýning í Safnasafninu árið 2018

Úttekt/Fyrirbyggjandi forvarsla

01

Oddný Magnúsdóttir, myndvefari/safnfræðingur á Húsvík, gerði úttekt á 48 vefjarverkum Jóhönnu Jóhannsdóttur [1918-1985] og greindi sérstaka þætti þeirra. Magnhildur Sigurðardóttir flokkaði verkin, burstaði þau, þvoði og straujaði ef þörf var á, pakkaði þeim í sýrufríar umbúðir og gekk frá þeim í listaverkageymslu

Styrkjandi forvarsla

01

Magnhildur Sigurðardóttir burstaði rykið af 68 byggingum eftir Gunnar Sigfús Kárason [1931-1996], sem bjó á Sólheimum, og safnið fékk að gjöf í ár. NH lagfærði nokkrar þeirra. Reiknað er með að byggingarnar fái að njóta vafa tímans þannig að aldur þeirra og útlit haldi sér

02

NH tók í sundur stóran viðarskúlpúr eftir Hjalta Skagfjörð Jósefsson, byggingarmeistara í Kópavogi, sem safnið lét hirða úr reiðuleysi í sumarhúsabyggð í Skammadal, Mosfellsbæ, styrkti hann og færði í upphaflegt form. Skúlpúrin var svo staðsettur á vesturpalli safnsins þar sem hann nýtur sín vel á sumrin í gróðrinum, en er tekinn inn að hausti því hætta er á að miklar hitasveiflur hafi áhrif á viðkvæman viðinn undir breiðslu

03

Safnvörðurinn á bílastæðinu féll um koll í ofsalegri vindhviðu rétt fyrir jól 2016. Uppbyggingarsjóður Norður-lands eystra veitti fé til viðgerðarinnar, og Svalbarðsstrandarhreppur það sem vantaði upp á. Vélvanur ehf. á Grenivík sá um viðgerðina, Marín ehf. á Svalbarðseyri um flutning verksins á milli viðgerðarstaðar og til baka á stæðið. Safnvörðurinn var rafsóðinn á plötu sem er fest á steypa undirstöðu, hann á að þola 50 hnúta storm

Símenntun

Safnasjóður veitti safninu 2 umsóttu styrki, annars vegar til að heimsækja GAIA-Museum í Danmörku, hins vegar til ráðstefnuhalds í lok sýningarársins 2018 undir yfirskriftinni Þróun íslenskrar alþýðulistar og staða hennar í dag. 100 ára afmæli Fullveldis Íslands veitti safninu einnig styrk til sama verkefnis og sýningar og gjörnings nemenda Valsárskóla á Svalbarðseyri. Sjá: **Innlent samstarf**

Safngestakönnun

01

Í júlí-mánuði fór fram ítarleg könnun meðal gesta og var spurt um eftirfarandi atriði: kyn, aldur, land og stað, hvernig eða hvar gesturinn fékk upplýsingar um safnið, þar sem gefnir voru upp margir möguleikar; hvað réði því að hann/hún kom í heimsókn, hvað hreif gestinn mest, var eitthvað sem vantaði eða kom á óvart, hvað fannst honum/henni um sýningarnar, hvað mislíkaði honum/henni, hvernig vildu þau lýsa prentuðu efni, þ.e. 2 sýnisbókum, sýningarskrá, fjölprenti og merkingum, og síðast hvor gesturinn hefði viljað dvelja lengur. Í ljós kom að flestum gestanna hafði verið bent á safnið og þeir eindregið hvattir til að skoða það, en fáir höfðu notað Netið. Af þessum hópi gesta lýstu 98% þeirra yfir mikilli ánægju með heimsóknina

Í samtölum við stofnendur í anddyri sögðu gestir sem ekki höfðu komið áður í heimsókn vera hissa á því að hægt væri að starfrækja listasafn í svo háum gæðaflokki úti á landi í fámennu sveitarfélagi [450 íbúar]

Gestir

Lítills háttar fjölgun var á gestakomum í safninu á árinu, karlmönnum fjölgaði, en kynjahlutfallið var jafnara hjá erlendum gestum og börnin mun færri. Það heyrir til undantekninga ef gestir tjá sig ekki um sýningarnar, húsakynnin, andrúmsloftið og umhverfið með fögru útsýni í allar áttir, engar neikvæðar athugasemdir heyrast

Heimildir

01

Magnhildur Sigurðardóttir klippti út ýmist efni tengt myndlist, aðallega alþýðulist, úr blöðum og tímaritum, og kom því fyrir í möppum. Ýmsar aðrar heimildir voru flokkaðar og settar í geymslu

Magnhildur Sigurðardóttir tók ljósmyndir af öllum sýningum safnsins og stökum verkum, þær voru færðar inn í albúm og merktar skilmerkilega, verða þær heimildir varðveittar til skoðunar og notkunar í framtíðinn

02

Nauðsynlegt er að afla fjár til að samræma allt stafrænt myndefni, en það er nú varðveitt í myndvélum, á dvd, ubs-lyklum, þá er mikið myndefni geymt utan safnveggjanna, s.s. í eigu velunnara, frá opnun sýninga safnsins

Innlent samstarf

01

Grenivíkurskóli, Leikskólinn Álfaborg og Valsárskóli á Svalbarðseyri, einnig mikill fjöldi myndlistarmanna og handverksfólks sem kom að sýningum safnsins. Nokkrir sjálfboðaliðar unnu fyrir safnið, þar af 4 sem leystu stofnendur af er þeir fóru í vinnuferðir vestur í Húnaþing, sinntu þeir móttöku gesta, leiðsögn og þrífum

02

Ákveðið var að Safnasafnið gerðist, ef þyrfti, meðútgefandi að bók um Karl Kjerúlf Einarsson, Dunganon, Hertoga af St. Kilda, sem Helga Hjörvar og Harpa Björnsdóttir skrifa. Af því tilefni verður sett upp sýning á verkum listamannsins í eigu Listasafns Íslands haustið 2018. Þá kemur til greina að safnið gerist meðútgefandi að bók sem Harpa skrifar um Sölva Helgason, enda hefur það lagt til fjármagn í rannsóknina, og kemur hún líklega út vorið 2020, og þá væntanlega í tengslum við sýningu á verkum listamannsins í Safnasafninu

03

Safnið tók að venju þátt í hátíðinni List án landamæra og var framlag þess í ár helgað minningu Friðriks Hansen (1947-2005), Sauðárkróki, með sýningu á vatnslitaverkum hans og útsöguðum mannamyndum o.fl.

04

Ákveðið var að sækja um samstarf við nefnd um 100 ára afmæli Fullveldis Íslands, fékkst styrkur til tveggja verkefna: nemendur Valsárskóla búa til verk anddyri safnsins í anda yfirskriftarinnar og flytja gjörning, og efnt verður til ráðstefnu á lokadeginum 9. september undir yfirskriftinni Þróun íslenskrar alþýðulistar og staða hennar í dag. Verða fluttir 3 fyrirlestrar og gestum boðið upp á veitingar að loknum pallborðsumræðum

05

Ákveðið að sækja um að aðild að dagskrá Evrópska menningararfsársins 2018, Strandmenningu, með áherslu á farfugla á sýningu sem sett verður upp 2018 og mun standa í 2 ár. Þessu samstarfi fylgir mikilvæg kynning

6

Stefán Tryggvason, hóteltjóri á Hótel Natur á Svalbarðsströnd, stakk upp á samstarfi við Safnasafnið um sýningar á verkum ungra myndlistarmanna í súrheysturni sem hann hefur smíðað tröppur í, og er með yfir-byggðum útsýnispalli úr gleri. Eftir áramót verða umræður um nánari tilhögun, val á listafólki, sýningarstjórn, fjármál, gistingu, ferðir og flutninga, veitingar, upplýsingagjöf og kynningarmál [t.d. á Facebook beggja aðila]

Erlent samstarf

01

Safnasafninu var boðin aðild að farandsýningunni The Nordic Outsider Art Tour 2018-2019, sem mun ferðast á milli Finnlands, Svíþjóðar, Noregs, Danmerkur og Íslands. Sýningin er breytileg og verður sett upp í Finlands Handverksmuseum í Jyväskylä, Safnasafninu, Outsider Art Street Gallery í Harstad í Noregi [deild í Sör-Troms Museum], K.H. Renlunds Museum, Karleby Finnlandi, Bifrost í Randers á Jótlandi og Inuti Verksamhed í Stokkhólmi sem mun standa fyrir sýningunni í tengslum við ársfund EOA 2019 [European Outsider Association]. Minna Havari og Elina Vuorimies frá Finnlandi eru sýningarstjórar. Þær heimsækja Safnasafnið í janúarlök 2018, síðan Sólheima og List án landamæra. Kynningarefni verður á finnsku, sænsku og ensku. Harpa Björnsdóttir skipuleggur sýningu fyrir 1-2 sali á fyrstu hæð Safnasafnsins vorið 2019

02

Málverk eftir Gígju Guðfinnu Thoroddsen voru sýnd á Northern Outsider Craft Exhibition, í Danmörku, Margrét M. Norðdahl sá um undirbúning, valdi verkin, pakkaði þeim inn til flutnings og lét tryggja þau af sýningarhaldara. Verkunum var afar vel tekið og listakonan hamingjusöm með kynninguna

Lista- og fræðimannsíbúð

Fyrir utan innlent og erlent ferðafólk, þá nýttu myndlistarmenn sér aðstöðuna, einnig arkitekt og doktorsnemi

Facebook

Margrét M. Norðdahl kynnti starfsemi safnsins með jöfnum færslum af viðburðum, sýningum og fréttum, og var gerður góður rómur af því framtaki. Velunnurum safnsins fjölgar og safnið er meira í umræðunni en áður

Vefsíða

Ákveðið var að fá Artizine til að hanna nýja vefsíðu, verður hún opnuð í janúar 2018. Margrét M. Norðdahl hefur umsjón með þessari vinnu af hálfu safnsins. Verkefnið var styrkt af safnasjóði samkvæm umsókn

Hita- og rakamælingar

Mælingar voru framkvæmdar um miðjan hvern mánuð og færðar til bókar á sérstakt eyðublað. Árið var hlýtt sem hafði áhrif á upphitun, rakagildi hækkaði ekki en hitinn fór upp um eina gráðu að meðaltali, sem skiptir engu. Verk á sýningum gestalistamanna voru tekin niður í september og safnsýningar er nær dró áramótum

Ljósaskipti

Mennta- og menningarmálaráðuneytið veitti styrk til þess að skipta um ljós í söllum safnsins. Undirbúningur hófst með því að leita upplýsinga hjá fyrirtækjum á Akureyri, og borin saman verð og gæði. Vegna anna hjá rafverktaka safnsins verður ekki unnt að hefjast handa við uppsetningu fyrr í febrúar 2018. Þá verða lampar sem eru fyrir í sölum á 1. hæð settir upp í sýningarrýmum á 2. hæð í í Gömlu-Búð. Unnar Örn J. Auðarson tók að sér að fá ráðgjöf hjá arkitekt og ljósaönnuði í Reykjavík og kanna hvort hægt sé að versla við heildsala og lækka þannig kostnaðinn. Mælingar á nýjum lögnum voru færðar inn á uppdrætti til að auðvelda skoðun

Viðhald og ræktun

Magnhildur Sigurðardóttir bar olíu á viðarpallana og brúna frá bílastæði yfir í lista- og fræðimansíbúð í GB. Þá sá hún um garðana, hreinsaði þá, lækinn og meðfram þjóðveginum. Hún herjaði á illgresi í nágrenninu, svo sem njóla, kerfil og risahvönn. Hún setti niður fjölda lauka í beð, hlúði að inni- og útblómum, sló lóðir safnsins og gaf góð ráð um slátt Vinnuskóla Svalbarðsstrandarhrepps í Gróðurreitnum handan lækjarins

Opnunartími

Safnasafnið var opnað formlega 14. maí með 12 nýjum sýningum, síðan var opið daglega frá kl. 10-18 til 8. september, en eftir það var tekið á mótí hópun til 15. sama mánaðar

Sýningar

01

Sýningar safnsins eru skipulagðar fram í tímann, raðað er í stærstur salinu fyrst og síðan inn í smærri rými og auða fleti eftir því sem á líður. Stundum þarf að breyta til af ýmsum ástæðum en umrædd regla er til hagræðis

02

Safnasafnið ræktar samband sitt við alþýðulistarmenn þjóðarinnar eins og kostur er, leitar upplýsinga í fjölda miðla og spyr valda gesti hvort þeir skapi eitthvað sjálfir eða viti um einhverja sem eigi erindi við almennig. Í öðru lagi vill safnið sýna verk eftir lærða listamenn sem falla undir skilgreiningar um sjálfsprottna sköpun og einlægni og búa til verk sem heilla með eðlislægum þokka eða barnslegum uppátækjum. Í þriðja lagi launar safnið velunnurum sínum, listamönnum, mikilvægt framlag með því að kynna verk þeirra, og í fjórða lagi vill það draga fram í dagsljósið verk eftir listamenn sem hafa lagt mikið af mörkum til styrktar félagslegri stöðu og framvindu íslenskrar myndlistar, haft frumkvæði og eldmóð til starfa, en fengið lítil tækifæri til sýningarhalds. Safnasjóður, Myndlistarsjóður Íslands og Uppbyggingarsjóður Norðurlands eystra veittu styrki til sýninganna:

01

Anddyri

Ragnar Bjarnason frá Öndverðarnesi [1909-1977], Reykjavík – steypar málaðar höggmyndir [safnvarsla]

Friðrik Hansen [1947-2005], Skagafirði, gvasslitir á pappír og viðarplötur [safneign]

Valsárskóli/Leikskólinn Álfaborg – Húsdýr, gæludýr, furðudýr [eign nemenda]

Sýningarstjóri NH

02

Brúðustofa

Brúðustofan er alþjóðlegt rými sem alla jafna vekur mikla athygli gesta, þeir erlendu yfirfara skápana í leit að landi sínu og ef þeir finna ekkert þá gera þeir athugasemd, sem oft er svarað með því að gott væri að fá eintak! Skipt var um í einum skáp, en venjan er sú að setja inn ný aðföng til að gleðja gefendur og fá framandi andlit með þeim eldri sem fyrir eru

Sýningarstjóri Mafnhildur Sigurðardóttir

03

Vesturpallur

Hjalti Skagfjörð Jósefsson, Kópavogi – Bæn, trúarlegt verk úr hvítmáluðum viði [safneign]

Sýningarstjóri NH

04

Miðrými – síðara árið [safneign]

Sú hefð hefur skapast að hafa tveggja ára sýningar í þessu rými, það er gert vegna þess að oft halda gestir að sýningarnar standi árum saman, og verða því fengir að geta sýnt aðstandendum sínum eitthvað sem þeir hrifust af árið eða árin á undan. Þá eru sýnd verk lítil og gott að þurfa ekki að pakka þeim niður strax aftur

Guðjón R[unólfsson] Sigurðsson [1903-1991], Fagurhólsmýri – fólk og húsdýr [safneign]

Halldóra Kristinsdóttir frá Ánastöðum, Vatnsnesi [1930-2013], Reykjavík – bréfbátar, fólk, farangur [safneign]

Laufey Jónsdóttir, Akureyri – klippimyndir, fólk og húsdýr [safneign]

Svava Skúladóttir [1909-2005], Reykjavík – vatnslitað á krossvið, virkisbrýr, kastala, hús og kirkjur [safneign]

Sæmundur Valdimarsson [1918-2006], Reykjavík – höggmyndir úr viði [safneign]

Sýningarstjóri NH

05

Brúðustofa

Nýir munir í glerskápum

Sýningarstjóri MS

06

Vestursalur

Þótt verkin á sýningunni sem valin voru úr safneign Nýlistasafnsins séu nútímaleg, þá ríma þau vel við hugmyndir manna um það flæði sem einkennir oft alþýðulistarverk, þau eru ekki reist á langvinnnum þælingum, heldur líða áreynslulaust fram úr ótæmandi lindum snilligáfu höfundar, með viðkomu í einlægni, gáska og barnlegum uppátækjum

Til þess að draga fram augljósan mismun á þjálfuðu og óþjálfuðu auga voru á sýningunni hvít gifsverk eftir nemendur 3.-5. bekkja Grenivíkurskóla

Dieter Roth [1930-1998], Seyðisfirði, Hamborg, Bern – grafík, teikningar, bækur [eign Nýlistasafnsins] 1)

Dieter Roth – Piccadilly-cards [pússlur] bókverk, einnig bækur um verk listamannsins [safneign]

Grenivíkurskóli – hvítar figúrur, vír og gifs [eign nemenda]

Sýningarstjóri NH

07

Austursalur

Sýnendurnir eru ungir, annar innan við þrítugt, hinn aðeins eldri, og eru að hasla sér völl. Þeir voru valdir vegna þess að verk þeirra ríma vel við áherslur safnsins um sjálfsprottna og barnlega myndlist. Keypt voru verk af þeim báðum

Þorvaldur Jónsson, Reykjavík – málverk [eign höfundar]

Matthías Rúnar Sigurðsson, Reykjavík – höggmyndir úr grjóti [eign höfundar]

Sýningarstjóri UÖJA

08

Svalbarðsstrandarstofa

Ása Ketilsdóttir, Laugalandi í Skjaldfannardal, Ísafjarðardjúpi – blýantsteikningar af fólki og hestum [safneign]

Lára Kristín Samúelsdóttir [1935-2014], Reykjavík – íslenskir búningar úr leir [eig. Stefán G. Þórarinsson]

Sýningarstjóri NH

09

Verslun Ásgeirs G. Gunnlaugssonar & Co

Ákveðið var að færa verslunina nær upphaflegu horfi, eða eins og hún leit út um miðja síðustu öld, og tengja viðfangsefnin í henni við innra rýmið, svokallaða Svalbarðsstrandarstofu, og ná þannig fram andblæ dýrmætra minninga og söknuðar

Búningahlutir, svuntur, sjöl og klútar [safneign, safnvarsla]

Elísabet Geirmundsdóttir [1915-1959], Akureyri – gifsafsteypur, þjóðbúningakonur [safneign]

Gjörningaklúbburinn, Reykjavík – treyja gerð handa BJÖRK, mynd af henni í treyjunni í tímariti [safneign]

Ragnhildur Helgadóttir [1911-1987], Ísafirði – skautbúningur [erfðagripur í eigu fjölskyldunnar]

Ragnhildur Stefánsdóttir, Reykjavík – samsett ljósmyndaverk [eign höfundar]

Þórey Jónsdóttir [1852-1959], frá Daðastöðum, Reykjadal – 3 klippimyndir, fólk í ísl. búningum [safneign]

Sýningarstjórar MS, NH

10

Bókastofa

Erla Þórarinsdóttir, Reykjavík – teikning, blaðgull o.fl. [safneign]

Bjargey Ingólfssdóttir, Garðabæ – köngurlóarvefur, vír [safneign]

Guðbjörg Ringsted, Akureyri – olíumálverk [safneign]

Sérsýning:

Hulda Vilhjálmsdóttir, Reykjavík – málverk, teikningar, bókverk, leirvasi [safneign]

Sýningarstjóri NH

Norðursalir

11

Innsta rými

Birta Guðjónsdóttir, Reykjavík – innsetning: ljósmyndir, vikur, leir, sápa [eign höfundar]

12

Miðrými

Harpa Björnsdóttir, Reykjavík – innsetning: ljósmyndir, gifshlutir á málaðri krossviðarplöta [eign höfundar]

13

Fremsta rými

Sigríður Ágústsdóttir, Hafnarfirði – leirverk, texti [eign höfundar]

Ragnheiður Þóra Ragnarsdóttir, Reykjavík – ljósmyndir, málverk, texti [eign höfundar]

Sýningarstjóri NH

14

Langisalur

Aðalheiður Sigríður Eysteinsdóttir, Hörgársveit/Siglufirði – innsetning: viður, leikföng, lýsing [eign höfundar]

Sýningarstjóri NH

-

08.01.2018. NH